



GILJASKÓLI

Skýrsla gæðaráðs og umbótaáætlun

Júní 2022

Inngangur	3
Ytra mat	4
Starfsáætlun um innra mat	5
Niðurstöður mats	5
Stjórnun og fagleg forysta	6
Nám og kennsla	7
Innra mat	9
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	10
Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022	12
Stjórnun og fagleg forysta	12
Nám og kennsla	13
Innra mat	16

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á árinu 2021 - 2022.

1. Staða gagnvart ytra mati
2. Helstu matsþættir
 - Stefnt er að því að leggja mat á Stjórnun og faglega forystu skólaárið 2022 - 2023
 - Nám og kennsla
 - Metið var út frá gæðaviðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar um Nám og kennslu skólaárið 2021 - 2022
 - Nám og kennsla verður áfram viðfangsefni skólaársins 2022-2023
 - Lokið verður við þær umbætur sem eftir standa varðandi Innra mat 2022-2023
3. Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023

Skýrslu gæðaráðs er að finna á heimasíðu skólans.

Gæðaráð Giljaskóla,
Elsa Dögg Benjamínsdóttir, þroskaþjálfari
Helga Rún Traustadóttir, deildarstjóri
Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri
Lára Halldóra Eiríksdóttir, námsráðgjafi
Svava Þórhildur Hjaltalín, kennari
Vala Stefánsdóttir, deildarstjóri

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Giljaskóla í nóvember 2019. [Skýrsluna má sjá hér](#) og heildarniðurstöður matsins eru á meðfylgjandi mynd. Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Í júní 2022 skilaði skólinn loka yfirferð á umbótum í kjölfar ytra mats og telst öllum verkþáttum umbótanna nú lokið. Lokaskýrsluna er að finna [hér](#). Umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið er samkvæmt [langtímaáætlun skólans um innra mat](#). Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem gæðaráð mun fylgja eftir næsta skólaár.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í -samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Starfsáætlun um innra mat

Litið er á innra mat sem drifkraft þróunar og breytinga í átt að gæðastarfi í skólanum. Innra mati er ætlað að vera markvisst og samofið skólastarfinu og lögð er áhersla á virka þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra. Gæðaráð Giljaskóla vinnur út frá [starfsáætlun um innra mat fyrir skólaárið 2020-2021](#). Á grunni innra mats skólaárið 2020-2021 varð til umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021-2022 og er það verkefni gæðaráðs Giljaskóla að fylgja eftir vinnu samkvæmt umbótaráætlun og meta hvernig til tókst. Umbætur snéru fyrst og fremst að:

- þróun teymiskennslu
- þróun þematengds og þverfaglegs náms
- heildarskipulagi námsmats
- kennslufræðilegri stefnu
- skipulagi og framkvæmd innra mats.

Umbótaáætlun gekk að mestu eftir en ekki tókst að ljúka vinnu við skipulag og framkvæmd innra mats. [Hér](#) má sjá umbótaáætlun og mat á hvernig vinna við ákveðna þætti gekk eftir. Þættir sem ekki tókst að ljúka verða færðir inn á umbótaætlun næsta skólaárs.

Niðurstöður mats





Niðurstöður taka mið af ársáætlun fyrir skólaárið 2021-2022 og eru þær lagðar fram í eftirfarandi þáttum; Stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Í hverjum þætti er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá viðmiðum skólans. Farið var yfir niðurstöður út frá matsgögnum og tillögur að umbótum lagðar á fram.

Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun og fagleg forysta var ekki áherslupáttur í innra mati skólans þetta skólaárið en á því næsta verður stjórnun og fagleg forysta metin skv. viðmiðum Akureyrarbæjar. Í vetur var ekki farið yfir heildarviðmið en þó unnið með ákveðna þætti og haldið verður áfram með þá vinnu næsta skólaár. Hér fyrir neðan gefur að líta helstu niðurstöður úr matsþættinum stjórnun og fagleg forysta frá ytra mati sem framkvæmt var af Menntamálastofnun haustið 2019.

Niðurstaða: Sex þættir af sjö bera skýr merki um gæðastarf í skólum og einn þáttur - starfsmannastjórnun og verkaskipting telst vera ljósgrænn, þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar og gott verklag sem má bæta.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Umbætur voru gerðar í kjölfar ytra mats og snéru þær að:

- því að stuðla að góðum samskiptum milli starfsfólks
- kynningu á skólastarfinu og umræðu um skólamála
- kynna stoðþjónustu fyrir foreldrum
- vinna skipulegar með niðurstöður samræmdra prófa, Orðarúnar, tengslakannana og Skólapúlsins.





Nám og kennsla

Nám og kennsla var áhersluþáttur í innra mati skólans þetta skólaárið 2022-2023 og var metið út frá [viðmiðum Akureyrarbæjar](#). Gögn sem nýtt voru til að leggja mat á stöðuna voru m.a. vettvangsheimsóknir stjórnenda í kennslustundir, starfsþróunarsamtöl, ígrundun kennara, kannanir til nemenda og starfsfólks.

Niðurstaða: Talsverðar breytingar hafa orðið á viðmiðum skólans í mati á námi og kennslu sem útskýrir mun á niðurstöðum frá ytra mati sem gert var árið 2019. Aukin áhersla er m.a. á þematengt og þverfaglegt nám, leiðsagnarmat og þátttöku nemenda í ákvarðanatöku um nám.

Fimm þættir af sex eru metnir gulir sem sem telst viðunandi og uppfylla viðmið um gæðastarf að einhverju leyti en mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Einn þáttur (árangur náms) ber merki um gott verklag þar sem flestir þættir uppfylla viðmið um gæðastarf.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námssvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Umbætur næsta skólaárs:

- Áframhaldandi þróun teymiskennslu
- Efla stoðþjónustu skólans með áherslu á markvissari stuðning við nemendur og kennara í námi og kennslu
- Þróun þematengds og þverfaglegs náms með áherslu á þátttöku nemenda í skipulagi náms
- Innleiða/styrkja starfshætti leiðsagnarnáms/leiðsagnarmats.
- Endurskoðun læsisstefnu
- Skipuleggja námskrá í geðrækt
- Auka samstarf milli sérdeilda og almennra bekkjardeilda
- Móta vinnulag vegna komu erlendra nemenda og ÍSAT kennslu

Innra mat

Innra mat var áhersluþáttur á síðasta skólaári og hafa umbætur staðið yfir. Við innra mat á skólastarfinu var tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar skv. matslistum [innra mats](#). Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um innra mat voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, rýnihópasamtöl, fundir með teymum og upplýsingar úr starfspróunarsamtölum.

Niðurstaða: Staðan var endurmetin í júní 2021. Gæðaráð metur að allir þættir innra mats flokkist undir gott verklag, þ.e. að flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Umbótum vegna nokkurra þátta er ekki lokið og verður unnið áfram með þá á næsta skólaári.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Áframhaldandi umbætur:

- Skýra markmið stefnu skólans og ræða þau í skólasamfélaginu
- Tryggja aðkomu hagsmunaaðila varðandi skipulag og framkvæmd innra mats
- Setja á sameiginlegan fund skólaráðs og gæðaráðs um umbótaáætlun í ágúst 2021
- Skilgreina og skerpa á skipulagi og vinnulagi gæðaráðs

Heildarniðurstaða innra mats

Heildarniðurstaðan er að 37,5 % matsþátta (6/16) er metnir grænir sem tákna mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. 31,3% matsþátta (5/16) eru metnir ljósgrænir sem tákna gott verklag og meiri styrkleikar en veikleikar greinast á undirþáttum. 31,3% matsþátta greinast í flokkinn viðunandi verklag þar sem einhverjir þættir uppfylla viðmið en mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Allir þessir þættir snúa að námi og kennslu og skýrist lakari niðurstaða í innra mati miðað við niðurstöðu ytra mats af því að horft er til fleiri og ítarlegri viðmiða í matinu.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirki í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þáttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022

Stjórnun og fagleg forysta (ekki metið síðasta skólaár)						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

Nám og kennsla						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þróun þematengds og þverfaglegs náms	Skólaári skipt upp í fjórar þemalotur sem grunnþættir stýra Stuðningur við skipulag námslotna Skrifleg ígrundun kennara að lokinni námslotu og áætlun um framhaldið.	Stjórn. HRT	06.'21	06.'23	Áætlanir sem hafa verið framkvæmdar Kynningar kennara Sjálfsmat kennara	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu
Endurskoðun læsisstefnu	Endurskoðun með tilliti til áherslupátta læsisstefnu Giljaskóla Lýsing á starfsháttum og gagnlegar upplýsingar fyrir kennara og foreldra	Læsisn. HRT	08.'22	06.'22	Könnun til kennara og foreldra varðandi læsisstefnu.	Í læsisstefnu eru greinargóðar lýsingar á hvernig unnið er að því að efla læsi í Giljaskóla

Þróun teymiskennslu	Fundir með teymisleiðtogum undir stjórn MSHA Markvissir teymisfundir sem leggja áherslu á að þróun kennsluhátta í anda leiðsagnarnáms.	KJ	08. '22	06. '23	Sjálfsmat teyma Fundir stjórnenda með teyimum.	Öll teymi á 4. stigi teymiskennslu
Innleiða/styrkja starfshætti leiðsagnarnáms	Regluleg ígrundun teymi á skipulagi og framkvæmd kennslu m.t.t. lykilþátta leiðsagnarmats Teymisfundir: Fræðsla og umræður um leiðsagnarnám/leiðsagnarmat	HRT	08 '22	06 '23	Innlit stjórnenda, jafningja og sjálfsmat kennara Mat á fræðslu og umræðufundum	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu Flestir kennarar telja fræðslu og umræðu gagnlega.
Efla stoðþjónustu skólans með áherslu á markvissari stuðning við nemendur og kennara í námi og kennslu	Skilgreina hlutverk aðila stoðþjónustu Umræða um skipulag stoðþjónustu Regluleg eftirfylgd og fundir (sjá fundarskipulag í Handb. um stoðþj)	RS	08 '22 08 '22 08 '22	08 '22 10 '22 06 '23	Könnun til kennara og umsjónarkennara Mat á fundarskipulagi	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu
Skipuleggja námskrá í geðrækt	Heimasíða með yfirlit yfir áherslur í hverjum árgangi og bjargir.	Velf.n VBS	08 '22	06 '23	Heimasíða liggur fyrir	Viðmið um geðrækt Heilsueflandi skóla
Aukið samstarf milli sérdeildar og almennra bekkjardeilda	Fundur um mikilvægi sérdeildar fyrir Giljaskóla Auka samstarf milli nemenda í sérdeild við sínar bekkjardeildir	AT og KJ	08 '22 08 '22	08 '22 06 '23	Fundur með starfsfólki sérdeildar og bekkjarkennurum	Starfsfólk sérdeildar og bekkjarkennarar meta ávinning nemenda af samstarfinu
Móta vinnulag vegna komu erlendra nemenda og ÍSAT kennslu	Skipuleggja ÍSAT kennslu Móttökuáætlun erlendra nemenda	RS	08 '22	06 '23	Rýnisamtöl við erlenda nemendur og foreldra	Framfarir miðað við stöðumat ÍSAT

					Móttökuáætlun metin	Ánægja meðal nemenda og foreldra með móttöku og stuðning
--	--	--	--	--	---------------------	--

Innra mat (áframhaldandi umbætur frá áætlun síðasta árs)						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skýra markmið stefnu skólans og ræða þau í skólasamfélaginu	Móta markmið og viðmið fyrir þær stefnur sem skólinn kennir sig við.	GR (KJ)	08 '22	06 '23	Markmið liggja fyrir í skólanámskrá Umræða um markmið metin	Skýr og metanleg markmið skólans metin með reglubundnum hætti sem hluti af innra mati skólans
Tryggja aðkomu hagsmunaaðila varðandi skipulag og framkvæmd innra mats	Skipuleggja tvo sameiginlega fundi gæðaráðs og skólaráðs um stöðu innra mats.	GR (KJ)	08 '22	04.22	Fundargerðir skólaráðs	Aðkoma allra hagsmunaaðila að innra mati
Skilgreina og skerpa á skipulagi og vinnulagi gæðaráðs	Móta vinnureglur, skipta verkum og setja upp skipulag og tímaramma fyrir verkþætti umbótaáætlunar	GR (KJ)	08 '22	06 '23	Vinnureglur og skipulag metið af gæðaráði eftir skólaárið.	Fyrir liggja samþykktar vinnureglur gæðaráðs